

Sþ.

118. Tillaga til þingsályktunar

[106. mál]

um heildarskipulag Suðurlandsundirlendis.

Flm.: Unnar Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela skipulagsnefnd ríkisins í samráði við rannsóknaráð ríkisins, hagstofustjóra, Framkvæmdabankann, nýbýlastjóra, raforkumálastjóra og aðra sérfróða aðila ásamt þar til kjörnum fulltrúum viðkomandi sýslufélaga að gera svo fljótt sem auðið er frumdrög að heildarskipulagi Suðurlandsundirlendis, miðað við 10—15 ára tímabil. Skal að því stuðlað, að mannvirkjagerð hins opinbera og önnur fjárfesting á svæðinu miðist við að fá sem hagkvæmasta nýtingu orkulinda og annarra lands- og sjávargæða.

Greinargerð.

Fyrirfram-heildarskipulagning landssvæða ryður sér mjög til rúms erlendis, og er nauðsynlegt, að Íslendingar fylgist með þeirri þróun. Þjóðin hefur ekki efni á að láta byggð og atvinnulíf þróast á jafn-tilviljunarkenndan hátt og verið hefur til þessa. Er því nauðsynlegt að auka hlutverk ríkisvaldsins og skipulagsstjórnarinnar á þessu sviði. Ýtarlegar rannsóknir þurfa að fara fram á hugsanlegri nýtingu auðlinda landsins, svo að unnt sé að gera viðtækari skipulagsáætlanir en hingað til hefur tíðkæzt, um lengri tíma í senn og þó sérstaklega um stærri svæði, heil byggðarlög eða landshluta.

Þá er og ekki aðeins rétt, að skipulagsstjórnin fylgist með eða áætli þróun byggðar í landinu, heldur láti hún einnig rannsaka og gera áætlanir um æskilega þróun byggðarinnar svo að ríkisvaldið á þeim grundvelli geti með sérstökum aðgerðum heinlínis stuðlað að hraðari uppbyggingu þeirra landssvæða, sem undangengnar rannsóknir leiða í ljós að séu bezt til búsetu fallin, og hafi þannig forustu um að beina fjárfestingu inn á þær brautir, sem mest gildi hafa.

Lög um skipulagsmál frá árinu 1921 hafa til þessa einvörðungu miðast við skipulag einstakra þorpa og kaupstaða, og eru löngu úrelt. Eru þau nú í endurskoðun hjá sérstakri nefnd, og mun Alþingi, þegar þeirri endurskoðun lýkur, fá tækifæri til að fjalla um skipulagsmálin í heild sinni. Með tillögu þessari er stefnt að því, að nú þegar verði lagður grundvöllur að þeim vinnubrögðum, sem óhjákvæmilega verður að viðhafa á þessu sviði, ef vel á að takast. Lagt er til, að byrjað verði á Suðurlandsundirlendinu, sem er eðlilega afmarkað landssvæði, auðugt að orkulindum með mikla framtíðarmöguleika, svo að mikilvægt er, að nú þegar verði reynt að gera sér sem bezta grein fyrir þeim möguleikum, sem fyrir hendi eru, og hvernig þeir verði bezt nýttir, miðað við framtíðarþarfir.

Með framkvæmd tillögunnar, ef samþykkt yrði, tekur skipulagsstjórn ríkisins að sér að skipuleggja frá grunni lítt byggð svæði, svo sem kringum hafnarstæði, fyrirhuguð orkuver o. s. frv., og auk þess yrðu gerðar heildartillögur um nýbýlahverfi á sviði landbúnaðar og garðyrkju, viðskipta- og samgöngukerfi, staðsetningu félagsheimila, skóla, heilbrigðisstofnana og íþróttamannvirkja og aðrar opinberar framkvæmdir.

Loks fengist af slíkri heildarskipulagningu heils landshluta dýrmæt reynsla, sem kæmi að miklu gagni við skipulagningu annarra byggðarlaga. Jafnframt yrði að fenginni slíkri reynslu mun auðveldara að semja sérstök lög um heildarskipulagningu landsins alls (national planning), svo sem æskilegt væri að gera svo fljótt sem kostur er.